




GRIP UM SKRIFFÆRI OG BEITING LEIÐBEININGAR FRÁ IÐJUPJÁLFA




1-1½ árs. ÞVERHANDARGRIP

Lit er haldið í hnefa. Hreyfing kemur frá öxl og handleggur hreyfist sem ein heild. Barnið teiknar punkta og krot.




1½- 3 ára. ÚTSNÚIÐ ÞVERGRIP

Barnið heldur með öllum fingrum um skriffærið. Hreyfing kemur frá olnboga og framhandleggur hreyfist sem ein heild. Barnið æfir sig í að teikna hringferla, lárétt og lóðrétt strik.



3-4 ára. FJÖGURRA FINGRA GRIP

Barnið heldur skriffæri í greip og gripið er ónákvæmt. Hreyfing kemur frá úlnlið og höndin hreyfist sem ein heild. Barnið teiknar vísi af hringjum og höfuðfætlur fara að sjást.



4-6 ára. ÞRIGGJA FINGRA GRIP

Barnið heldur skriffæri milli þumals og vísifingurs, langatöng styður undir. Gripið er nálægt oddi og hreyfing er að mestu í fingrum. Barnið hermir kross og hringform. Mannsmynd þróast.

Þýtt og staðfært úr Developmental Hand Dysfunction (Erhardt, 1994) og Leik og iðju (Snæfríður Þ. Egilson og Þóra Leósdóttir, 1997)